

Losun vegna aksturs starfsfólks OR í og úr vinnu

Gröfin sýna markmið samstæðu OR um losun gróðurhúsalofttegunda vegna aksturs starfsfólks í og úr vinnu frá 2015 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Árið 2018 jókst losunin og er umfram grunnigildi nema þegar horft er til losunar á starfsmann. Halda þarf áfram að hvetja starfsfólk til að nota vistvænan samgöngumáta. OR ásamt nokkrum fyrirtækjum á Hálsasvæðinu höfðu frumkvæði að því á árinu að hvetja Strætó bs. og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu til að bæta strætósamgöngur við svæðið en þar vinnur um 1% landsmanna. Til að leggja mat á losunina er horft til búsetu starfsfólks eftir pósthúmerum, en um er að ræða samþykka aðferðafræði.

